

# Samkomulag

milli Samnor (Framhaldsskólans á Húsavík, Framhaldsskólans á Laugum, Menntaskólans á Akureyri, Menntaskólans á Tröllaskaga og Verkmenntaskólans á Akureyri) og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands – HSN

Í framhaldsskólalögum segir í 36. grein: *Skólameistari framhaldsskóla skal hafa samráð við heilsugæslustöð í nágrenni skólans um heilsuvernd og hollustuhætti. Framhaldsskóli og viðkomandi heilsugæslustöð geri samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sem veitt er nemendum.*

Samkomulag þetta kveður á að þróa og skilgreina samstarf um heilbrigðisþjónustu milli Samnor framhaldsskólanna og HSN sem tengist eftirfarandi þáttum.

## 1. gr. Almenn þjónusta

Nemendur framhaldsskólanna skulu hafa aðgang að þeirri þjónustu sem HSN veitir. Þjónustan er óháð því hvort nemendur eigi lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.

## 2. gr. Viðtalstími heilbrigðisstarfsmanns/hjúkrunarfræðings

Sé þess talið þörf er boðið upp á reglubundna viðtalstíma hjúkrunarfræðings/heilbrigðisstarfsmanns innan skólanna á vegum HSN fyrir nemendur á starfstíma skólanna. Þetta ákvæði er útfærsluatriði milli HSN og hvers skóla fyrir sig.

## 3. gr. Fræðsla til ungmenna um heilbrigði og forvarnir

Framhaldsskólarnir og HSN vinna saman að reglubundinni fræðslu og miðlun upplýsinga til nemenda um heilbrigði og forvarnir frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru skv. aðalnámskrá framhaldsskóla: Jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

## 4. gr. Sálfræðiþjónusta

HSN veitir innan skólanna framhaldsskólanemum sálfræðiþjónustu til þess að greina þörf á frekari þjónustu, sjá fyrirvara.

## 5. Handleiðsla/ráðgjöf

HSN veiti sálfræðingum innan skólanna sem ráðgjöf og/eða handleiðslu samkvæmt nánara samkomulagi.

## 6. Samskipti og fundir

Einu sinni á önn funda aðilar um útfærslu samstarfsins.

## 7. Gildistími og uppsagnarfrestur

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun 1. ágúst 2021 og er uppsegjanlegt með þriggja mánaða fyrirvara hvorum aðila fyrir sig.

Fyrirvari: Eins og staðan er hafa hvorki Samnor né HSN trygga fjárveitingu til hjúkrunarþjónustu skv. liðum 2 og 3 og sálfræðiþjónustu skv. liðum 4 og 5. Munu samningsaðilar í sameiningu leita allra leiða til að tryggja fjármagn til þjónustunnar.

Akureyri, 16.6.2021

## Skólameistarar í Samnor

Valgerður Gunnarsdóttir, skólameistari Framhaldsskólinn á Húsavík  
Sigurbjörn Árni Arngrímsson, skólameistari Framhaldsskólinn á Laugum

Jón Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólinn á Akureyri  
Lára Stefánsdóttir, Skólameistari Menntaskólinn á Tröllaskaga  
Sigríður Huld Jónsdóttir, Verkmenntaskólinn á Akureyri

**Heilbrigðisstofnun Norðurlands – HSN**

Jón Helgi Björnsson framkvæmdastjóri

## Undirritunarsíða

Samkomulag SAMNOR-HSN  
Jón Helgi Björnsson

Samkomulag SAMNOR-HSN  
Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Samkomulag SAMNOR-HSN  
Valgerður Gunnarsdóttir

Samkomulag SAMNOR-HSN  
Sigríður Huld Jónsdóttir

Samkomulag SAMNOR-HSN  
Lára Stefánsdóttir

Samkomulag SAMNOR-HSN  
Jón Már Héðinsson